

1. gr. Umboð

Ráðgjafaráð í málefnum fatlaðs fólks starfar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í reglum þessum og 8 og 10 gr. Laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b. og 1.mgr7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 5.mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

2. gr. Skipan

Ráðgjafaráð um málefni fatlaðs fólks er skipað sjö fulltrúum.

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórnnum sveitarfélaganna að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu. Tveir fulltrúar og tveir til vara eru tilnefndir af Þroskahjálp, skal annar vera með þroskahömlun. Tveir fulltrúar og tveir til vara eru tilnefndir af Öryrkjabandalaginu.

Ráðgjafaráð kýs sér sjálft formann og varaformann. Skipunartími þess fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast en ráðið getur einnig ákveðið að allir varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum. Seta í ráðgjafaráði er launuð og fylgja greiðslur ákvörðun bæjarráðs hverju sinni. Starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs er starfsmaður ráðsins, ritar hann jafnframt fundargerðir þess og er til stuðnings fyrir fatlaðra fulltrúa ráðsins.

3. gr. Hlutverk og markmið

Hlutverk ráðgjafaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Hlutverk ráðgjafaráðs er einnig að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sveitarfélaginu.

Ráðið stuðlar að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda sveitarfélaganna um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum.

4. gr. Verkefni

Hlutverk ráðgjafaráðsins er einkum:



1. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og hlutaðeigandi stofnanir þjónustusvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.
3. Að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu.
4. Veita velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
5. Ráðgjafaráð getur lagt til mál að eigin frumkvæði.

5. gr. Starfshættir

Ráðgjafaráð kemur saman að lágmarki sjö sinnum á ári, en heldur fundi þar að auki eins oft og þurfa þykir.

Formaður ráðgjafaráðs boðar til funda og stýrir þeim. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem fastanefndir sveitarfélaganna óska eftir að ráðið fjalli um.

Gert er ráð fyrir að Fjölskylduráð Hafnarfjarðar eigi fund með ráðinu að minnsta kosti árlega. Þá er þess ennfremur vænst að ráðið leggi fram skýrslu um og kynni starf sitt.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Ráðgjafaráð skal rita fundargerð og senda til fjölskylduráðs jafnóðum. Ráðið gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi fastanefnda eða beint til bæjarráðs eða bæjarstjórnar um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks. Ráðgjafaráð getur að sama skapi óskað eftir fundi með nefnd um málefni sem það telur þörf fyrir að kynna henni.

Hafnarfjarðarbær lætur ráðgjafaráði í té aðstöðu til fundarhalda og aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi ráðsins. Ennfremur skal ráðið njóta aðstoðar starfsmanns bæjarins, t.d. við boðun funda og til milligöngu við annað starfsfólk bæjarfélagsins um útvegum gagna vegna umfjöllunarefna ráðsins.